

Nd. **208. Frumvarp til laga** [101. mál]
um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

Flm.: Ingólfur Jónsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að selja landræmu, utan sandgræðslugirðingar, úr Öskjuholtslandi í Landsveit.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Kristinn Guðnason, bóndi í Skarði, hefur óskað eftir að fá keypta landræmu úr Öskjuholtslandi í Landsveit. Landræma þessi liggur að Skarðslandi og utan sandgræðslugirðingar. Land þetta kemur engum að notum nema Skarðsbóndanum. Það virðist því vera rétt að selja honum nefnda landræmu. Sandgræðslustjóri hefur óskað eftir heimild ráðuneytisins til að selja landræmuna, eins og meðfylgjandi bréf sýnir. Ráðuneytið telur sig vanta heimild til sölunnar, nema lög verði gerð um það á Alþingi.

Fylgiskjal I.

Bréf undirritaðs til ráðuneytisins.

Með skírskotun til samtals, er ég átti við hæstvirtan landbúnaðarráðherra 4. þ. m., sendi ég hér með umsókn Kristins Guðnasonar, bónda í Skarði í Landsveit, varðandi kaup á landræmu úr Öskjuholtslandi í sömu sveit.

Leyfi ég mér hér með að óska heimildar hins háa ráðuneytis um að mega selja Kristni Guðnasyni nefnda landræmu.

Gunnarsholti, 8. des. 1947.

Runólfur Sveinsson.

Fylgiskjal II.

Svarbréf ráðuneytisins.

Eftir viðtöku bréfs yðar, herra sandgræðslustjóri, dags. 8. f. m., varðandi umsókn Kristins Guðnasonar, bónda í Skarði í Landsveit, um kaup á landræmu úr Öskjuholtslandi í sömu sveit, vill ráðuneytið taka það fram, að því er óheimilt að selja umrædda landræmu, nema því verði veitt sérstök heimild til þess með lögum frá Alþingi.

Reykjavík, 26. jan. 1948.

F. h. r.

Gunnl. E. Briem.

Þorv. K. Þorsteinsson.